

# SÝNDAREIGNIR ÚTSKÝRÐAR:

## HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR MICA FYRIR NEYTENDUR



## Hvað er sýndareign?

Sýndareign er stafræn framsetning á virði eða réttindum sem hægt er að flytja og geyma rafrænt, með því að nota dreifða færsluskrá<sup>1</sup> eða aðra svipaða tækni.

Vel þekkt dæmi um sýndareignir eru BTC (Bitcoin) og ETH (Ethereum), en sýndareignamarkaðurinn nær yfir breitt svið af öðrum eignum eins og svokallaðar 'stöðugleikamyntir'<sup>2</sup>, 'meme myntir'<sup>3</sup> og einkvæma tóka (NFTs)<sup>4</sup>.

Innan EES nær reglugerð um markaði fyrir sýndareignir (MiCA, Markets in Crypto-Assets Regulation) yfir starfsemi sem felur í sér ákveðnar sýndareignir. Eitt af markmiðum MiCA er að hafa samræmdar reglur um sýndareignir og þjónustu innan ESB, þ.m.t. að vernda neytendur betur (t.d. aðgang að ítarlegum upplýsingum, gagnsæju ferli við meðhöndlun kvartana o.s.frv.).

Áhætta og vernd neytenda getur verið mismunandi eftir tegund sýndareignar eða þjónustu á sviði sýndareigna (eftir því hvort það sé innan eða utan gildissviðs MiCA) og þjónustu veitanda (t.d. án starfsleyfis eða aðsetur utan EES). Skilningur á mögulegri áhættu er lykilatriði áður en hvers kyns sýndareign er keypt eða þjónusta á sviði sýndareigna er nýtt.

Sjá viðvörðun evrópsku eftirlitsstofnananna til að læra meira um áhættu [[shorturl.at/xQrlu](https://shorturl.at/xQrlu)].

### <sup>1</sup> DREIFÐ FÆRSLUSKRÁRTÆKNI (DLT):

Dreifð færsluskrá er skrá yfir upplýsingar, eða gagnagrunnur, sem er deilt yfir netið. Þekktasta tegund af dreifðri færsluskráartækni er bólkakeðja, svo nefnd vegna þess að hún geymir einstaka viðskipti í hópum, eða blokkum, fest við hvert annað í réttri tímaröð til þess að mynda keðju.

Dreifð færsluskráartækni hefur verið notuð til að flytja ýmsar tegundir eigna á milli kaupanda og seljanda.

### <sup>2</sup> STÖÐUGLEIKAMYNTIR:

Svokölluð 'stöðugleikamyntir' er sýndareign sem hefur þann tilgang að viðhalda stöðugu gildi með vísan til einnar eignar (t.d. gjaldmiðils) eða fleiri eigna. Stöðugleikamyntir geta verið óstöðugar yfir tíma, sérstaklega í erfiðum markaðsaðstæðum.

### <sup>3</sup> MEME MYNTIR:

Meme myntir eru sýndareignir sem nefndar eru eftir tiskubylgjum, gamansömum eða skemmtilegum viðfangsefnum. Þær eru venjulega skapaðar til að virkja samfélag notenda og geta verið notaðar í greiðslum á milli notenda samfélagsins, spákaupmennsku, eða almenn viðskipti. Í mörgum tilfellum fylgja þeim vefsíður með grín þema, stundum þvæluleg hugtök, og útgefandi þeirra og aðdáendur þeirra markaðssetja tilfinningu um samfélag til að laða fleiri að.

### <sup>4</sup> EINSTÆÐIR TÓKAR (NFTS):

Þeir eru einstakar og einstæðar stafrænar eignir geymdar á dreifðu færsluskrár neti, þar á meðal stafræn listaverk og safngripir.

Vörur sem eru útskiptanlegar og markaðssettar til neytenda sem NFT, en eru hluti af röð eða safni, gætu þó ekki talist vera NFT og kunna því að falla undir reglur MiCA.

## Hvaða sýndareignir falla undir gildissvið MiCA og hverjar ekki?

### MiCA gildir um þrjár tegundir sýndareigna:

- ✓ **Rafeyristóki (EMTs)<sup>5</sup>:** sýndareignir sem gefa til kynna að þær viðhaldi stöðugu virði með því að vísa til verðgildis tiltekins opinbers gjaldmiðils t.d. krónu, evru eða dollara. Ef þú átt EMT, hefur þú rétt til að fá peningana þína til baka frá útgefanda á nafnverði hans, í þeim gjaldmiðli sem hann vísar til.
- ✓ **Eignatengdur tóki (ART)<sup>6</sup>:** sýndareignir sem gefa til kynna að þær viðhaldi stöðugu virði með því að vísa til annars virðis eða réttar eða bæði (t.d. opinber gjaldmiðill, hrávörur, aðrar eignir). Þú getur innleyst ARTs á markaðsvirði eignarinnar eða eignanna sem hann vísar til.
- ✓ **Sýndareignir, aðrar en rafeyristókar og eignatengdir tókar<sup>7</sup>:** nytjatókar og „aðrar“ sýndareignir sem falla undir gildissvið MiCA og eru ekki EMTs né ARTs eða falla utan MiCA á annan hátt.

### <sup>5</sup> RAFEYRISTÓKAR:

- Tegund sýndareignar sem hefur þann tilgang að viðhalda stöðugu virði með vísan til verðmætis opinbers gjaldmiðils (t.d. króna, evra, dollari o.s.frv.)
- Aðeins lánastofnanir eða rafeyristofnanir geta boðið almenningi eða óskað eftir töku rafeyristóka til viðskipta í Evrópusambandinu
- Veita ekki eigendum vexti

### <sup>6</sup> EIGNATENGDIR TÓKI:

- Sýndareignir sem eru ekki rafeyristókar (EMT)
- Aðeins lánastofnanir eða útgefendur með MiCA starfsleyfi geta boðið almenningi eignatengda tóka (ART) eða óskað eftir töku þeirra til viðskipta í Evrópusambandinu
- Mega vísa til annarrar eignar, þ.m.t. eins eða fleiri opinbera gjaldmiðla, annarra sýndareigna eða samsetningar þeirra,
- Veita ekki eigendum vexti

### <sup>7</sup> NYTJATÓKAR:

Þeir eru tegund af sýndareignum sem eini tilgangur er að veita aðgang að vöru eða þjónustu í boði útgefanda þessa tóka.

## MiCA gildir ekki um eftirfarandi tegundir sýndareigna:

- X** **Sýndareignir sem eru einkvæmar og einstæðar.** Þeim er ekki auðvelt að skipta út og ekki er auðvelt að bera saman hlutfallslegt virði þeirra í tengslum við aðra sýndareign með samanburði við núverandi markað eða sambærilegar eignir (t.d. sýndarfasteignir, lénsheiti og atriði sem krefjast staðfestingar á áreiðanleika). Svokallaðir einstæðir tókar (NFTs) sem eru hluti af röð eða safni geta þó enn fallið undir gildissvið MiCA.
- X** **Tókar sem ekki er hægt að framselja** (eins og punktar í vildarkerfum).
- X** **Sýndareignir sem falla undir gildandi löggjöf á sviði fjármálaþjónustu,** svo sem sýndareignir sem teljast fjármálagerningar á grundvelli MiFID2 (t.d. afleiðusamningar, framseljanleg verðbréf). Þegar þú fjárfestir í þessum eignum nýtur þú góðs af reglum um vernd neytenda/fjárfesta sem gilda um tókaðar, hefðbundnar fjáreignir.



*Ef þú kaupir eða selur sýndareignir eða notar þjónustu á sviði sýndareigna, sem fellur ekki undir MiCA eða aðra EES-löggjöf á sviði fjármálaþjónustu, getur það falið í sér verulega áhættu og þú notið takmarkaðrar eða engar neytendaverndar.*



## Þjónustuveitendur sýndareigna sem neytendur gætu orðið varir við



### Sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna sem reglur hafa verið settar um á Evrópska efnahagssvæðinu:

Þessi fyrirtæki bjóða vörur og þjónustu til neytenda undir eftirliti samkvæmt MiCA, þ.m.t. ARTs, EMTs, vörslu og stjórnun sýndareigna og rekstur sýndareigna viðskiptavettvanga og skiptaþjónustu (<sup>8</sup>í hefðbundna gjaldmiðla eða aðrar sýndareignir). Til að geta veitt neytendum þjónustu á EES-svæðinu verða þjónustuveitendur að hafa leyfi til að veita þjónustu á sviði sýndareigna, þ.e. að uppfylla sértækar kröfur varðandi stjórnunarhætti, fjármagn, hegðun og neytendavernd.



*Þú getur athugað hvort þjónustuveitandi sýndareigna sé viðurkenndur innan EES með því að skoða skrá Evrópsku verðbréfamarkaðs eftirlitsstofnunarinnar ([shorturl.at/zZwVI](https://shorturl.at/zZwVI)) og vefsíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ([shorturl.at/ch66F](https://shorturl.at/ch66F)).*

*Fyrir frekari upplýsingar skaltu skoða 'Það sem þú ættir að hafa í huga áður en þú fjárfestir í sýndareignum' í sameiginlegri viðvörun ESAs hér. [[shorturl.at/xQrlu](https://shorturl.at/xQrlu)]*

#### <sup>8</sup> HEFÐBUNDINN GJALDMIÐILL:

Hefðbundinn gjaldmiðill er samþykktur löglegur gjaldmiðill og útgefinn af seðlabanka eins og íslenska krónan, bandaríkjadalur, evra, o.s.frv., Viðskipti á milli sýndareigna og hefðbundins gjaldmiðils: Þetta vísar til kaupa, sölu eða viðskipta með sýndareignir með hefðbundnum gjaldmiðli.



### Sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna<sup>9</sup> án starfsleyfis á EES:

Jafnvel með MiCA í gildi, gætir þú rekist á sýndareignir og þjónustu fyrir sýndareignir hjá fyrirtækjum án starfsleyfis á EES. Þessi fyrirtæki kunna að falla utan reglna um neytendavernd, skorta viðeigandi stjórnunarhætti, eigið fé eða gagnsæjar rekstrarvenjur og verndarráðstafanir. Hættan á svikum, rangri stjórnun eigna eða ógjaldfærni gæti því aukist. Þetta á líka við um sýndareignir og þjónustu hjá fyrirtækjum með aðsetur utan EES.



*Ef þú velur að eiga samskipti við þjónustuveitendur án starfsleyfis, skalt þú vera meðvitaður um að þú gætir verið að taka verulega áhættu og haft takmörkuð eða engin réttindi til neytendaverndar. Þú gætir orðið fyrir tapi, átt takmarkaðan eða engan möguleika á að endurheimta eignir og vera skilinn eftir án nokkurs úrræðis ef ágreiningur kemur upp.*

#### <sup>9</sup> STARFSLEYFISSKYLD STARFSEMI ÁN STARFSLEYFIS:

Fyrirtæki sem starfa innan EES án gilds starfsleyfis samkvæmt MiCA hafa ekki starfsheimildir á því sviði. Hins vegar eru ekki öll fyrirtæki sem veita slíka þjónustu án starfsleyfis endilega ólögleg (t.d. ef viðskiptavinur falast eftir viðskiptunum að eigin frumkvæði, þjónustan er framkvæmd með dreifstýrðum hætti eða hún fellur utan gildissviðs MiCA).